



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við opnun sýningarinnar  
Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár  
Listasafni Íslands**

**17. júlí 2018**

Mennta- og menningarmálaráðherra,  
verkefnastjórn og sýningarstjóri Lífsblómsins,  
aðrir góðir gestir:

Lífsblómið er fallett heiti á fallegrri og myndarlegri sýningu – sýningu um fullveldi Íslands og menningararf okkar. Fullveldi og menningararfur haldast í hendur. Hér í Listasafni Íslands geta gestir virt fyrir sér listaverk, skjöl og handrit, og vonandi velt vöngum yfir mikilvægi menningarinnar í samfélagi okkar. Við minnumst þess í ár að öld er frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Þótt lokaáfanginn biði enn, fullt sjálfstæði sem fékkst árið 1944, var stórt skref stigið hinn fyrsta desember 1918. Þann dag spurði fólk sig áreiðanlega hvernig hinu nýja ríki myndi reiða af. Hvernig myndi þjóðin spjara sig? Stæði hún undir því að búa í eigin ríki, stýra eigin málum? Hefði hún efni á því að skapa list?

Aldamótaárið 1900 fékk Þórarinn B. Þorláksson styrk frá Alþingi til myndlistarnáms í Danmörku og náði þeim áfanga, fyrstur Íslendinga. Það hafði þó ekki gengið þrautalaust að veita honum brautargengi; Þórarinn hafði áður numið bókband og á þingi sögðu karlarnir hugsu hver við annan: „Er nú vit í því að senda frá sér ágætan bókbindara til þess að fá lélegan málara í staðinn?“ Sem betur fer réð stórhugur frekar en þröngsýni.

Sú var nú ekki alltaf raunin. Í bók sinni um Jóhannes Kjarval lýsti Thor Vilhjálmsson ágætlega tíðarandanum á fyrstu áratugum síðustu aldar: „Hér á Íslandi var varla búið að hugsa upp hugtakið listamaður. Hvað var listamaður fyrir Íslendingum? Slys, misheppnaður einstaklingur, Sölvi Helgason, Sólon Íslandus, aumingi. List var tortryggileg. Það var hugsanlegt að menntamenn kæmst upp með að fönndra við list eða myndagerð ef þeir sinntu embætti sínu stórslysalaust; en líklegast var að þeir dröbbuðust niður og einangruðust fyrir

sérvisku sem var allt það sem ekki var sú viska sem þurfti til að framlengja lífið frá degi til dags.“

En svo var líka hægt að nýta listina í þágu hins opinbera. Af því er löng saga hvernig stjórnvöld hafa viljað stýra listsköpun og listasmekk landans. Það var hér skammt frá, í búðarglugga í Austurstrætinu, sem Jónas Jónsson frá Hriflu lét sýna svokallaða klessulist á stríðsárunum, og átti sá gjörningur að vera höfundunum til háðungar, fólki sem hafði heillast af framúrstefnu og ferskum straumum utan úr heimi.

Þá var orðið gjörningur ekki notað eins og helst er gert í dag, um listform sem tengist oftast en ekki látbragðsleik, leiklist og myndlist. Um helgina sótti ég ögrandi og flotta listsýningu á Djúpavogi, Rúllandi snjóbolta. Þar var samtímalist fyrir öll skilningarvitin, þar voru gjörningar. Ekki er Jónas frá Hriflu nefndur hér honum til háðungar – allt má skoðast af skilningi og í samhengi – en hvað ætli hann hefði sagt um þá list sem nú er í boði eystra?

Þar lá leiðin reyndar líka í Löngubúð, eitt elsta hús landsins sem var næstum búið að rífa í þágu framfara en fékk blessunarlega að standa og var endurbætt undir lok síðustu aldar. Í Löngubúð er meðal annars safn Ríkarðs Jónssonar myndhöggvara og myndskera. Hjá þeim mikla listamanni ráða klassísk og rammíslensk þemu. Ríkarður ólst upp á Strýtu við Hamarsfjörð og auðvelt er að ímynda sér hvernig stórbrotin náttúran mótaði og eflði hans listfengi, klettar og drangar víða, og Búlandstindur yfirgnæfandi.

Náttúran og auðlindir hennar ráða því að við getum haldið hér uppi sjálfstæðu ríki sem stenst nær allan samjöfnuð í alþjóðasamfélaginu. Óvíða er betra að lifa ef marka má alþjóðakannanir og hvers kyns samanburð. Auðlindir, atvinna og gjaldeyrissköpun ráða miklu um þetta en vart duga þeir þættir einir og sér. Ósköp yrði lífið hér fátæklegt án listarinnar og menningarinnar og einhvers staðar segir að allt sé í heiminum hverfult. Á Djúpavogi er listsýningin góða í gamalli bræðslu og gömlum tanki, tákni um það hvernig auður var áður skapaður í byggðarlaginu. Enþá er líka róið frá Djúpavogi en upp úr því er lítið að hafa fyrir þorpið í heild sinni; úti á firði lá hins vegar um helgina stórt skemmtiferðaskip, vonandi með fróðleiksfúsa og kaupglaða ferðamenn innanborðs.

Já, góðir áheyrendur. Lífshættir breytast stöðugt í samfélagi samtímans og listin sömuleiðis. Það sýnir þessi fullveldissýning en sagan er aldrei skráð eða sýnd í eitt skipti fyrir öll. Þau sannindi hefur sýningarstjórinn Sigrún Alba Sigurðardóttir bent á og undir orð hennar má taka. Um leið sýnir þessi sýning hversu brýnt það er að muna og ræða um hvaðan við komum, hvað við höfum þegar skapað og hvers vegna. Þær minningar verða aldrei eins og því samtali má heldur aldrei ljúka.